

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1911.

Auglýsing um ákvörðun tímabils þess, er nota má áfram vogarlód og reislur, sem gjörðar eru eptir vogarkerfinu frá 1. desember 1865, undirskrifuð af ráðherra 4. desember 1911 (A. nr. 61, bls. 316—317).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 13. desember 1911 (A. nr. 62, bls. 318—319).

Viðauki við bráðabirgðareglugjörð fyrir háskóla Íslands 4. október 1911, undirskrifaður af ráðherra 27. desember 1911 (A. nr. 63, bls. 320—321).

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á rottuhundum. 1

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá h /f. P. I. Thorsteinsson & Co. hjer 20. jan. í bænum, um að því verði leyft að flytja hingað frá útlöndum einn eða tvo rottuhunda, til að reyna að eyða rottum í verslunarhúsum sínum.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundana áður en þeir eru fluttir í land og hafi ekkert við heilbrigði þeirra að athuga, og
2. að hundunum sje haldið í sóttkvi, svo að þeir komi eigi saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 7 daga, ef þeir eru fluttir frá Danmörku, en ella 35 daga.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndu fjelagi hefir verið tilkynnt leyfi þetta hjeðan.

Reglugjörð

2

um iðgjöld til brunabótasjóða sveitarfjelaga.

Brunabótaiðgjöld þau, sem ákveðin eru í 21. gr. reglugjörðar 20. október 1906, um brunabótasjóði sveitarfjelaga, skulu haldast óbreytt til ársloka 1916.

Í stjórnarráðinu, 31. janúar 1912.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.